

Akrasel 3 – breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 13. desember 2000 breytingu á deiliskipulagi fyrir Akrasel 3.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Rauðagerði 70 – breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 17. janúar 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Rauðagerði 70.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Tungusel 9-11, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 10. janúar 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Tungusel 9-11.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 26. janúar 2001.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri,

e.u. **Guðný Aðalsteinsdóttir.**

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag fyrir Selvogsbraut 3 til 5, Þorlákshöfn.

Samkvæmt 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 11. janúar 2001 samþykkt breytt deiliskipulag fyrir lóðirnar Selvogsbraut 3 til 5 í Þorlákshöfn.

Fram kemur að breytt er frá samþykkt fyrir fjögurra íbúða raðhúsi á byggingarreitnum í fimm íbúða raðhús og byggingarreitur stækki við það. Samþykkt var að gatan að húsunum breikki um 1 metra. Aðkeyrslan að Selvogsbraut 1, sem var fyrir norðan lóðina, færist til austurs og verði frá tengigötu milli Selvogsbrautar og Reykjabrautar. Það svæði, sem aðkeyrslan var um, verði tekið undir gestabílastæði fyrir lóðina.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 29. janúar 2001.

Byggingar- og skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss,

Sigurður Jónsson.